



Sigríður Björnsdóttir með hluta verka sinna.



annað litakort sé í Spánverjum, en Skandinövum, en væri þó langsótt skýring.

Svipaða sögu er að segja af landslagsmyndum Baltasars, þær eru all hávaðasamar í litnum, a.m.k. ef borið er saman við nákvæmnina í teikningunni. Myndin af Lómagnúpi er of lík hinni frægu Lómagnúpsmynd Jóhannesar Kjarvals, því það er nú einu sinni til staðir á Íslandi, sem búið er að mála.

Þetta eiga þó ekki að vera neinar aðfinnslur, þetta er stór og glæsileg sýning, heldur aðeins hugsað sem ábending.

Bezt virðist Baltasar takast upp við mannamyndirnar, hvort sem um er að ræða „venjuleg" portret, eða óvenjuleg, eins og t.d. myndina af Thor Vilhjálmssyni. Í þessum myndum er ávallt eitthvað ekta og traustvekjandi.

Sama er að segja um skipamyndir.

Það kann að hljóma eins og fjarstæða, að málari geti verið í vissri hættu staddur, vegna leikandi kunnáttu og mikillar tækni. Svo er þó ekki, sá sem kemst of létt frá verki sínu stofnar ekki alltaf til heilabrota, eða gefur sér tíma til djúpra hugleiðinga.

Yfir sýningunni sem heild er glæsileiki, og vil ég hvetja menn til þess að skoða hana.

Sigríður Björnsdóttir

Sigríður Björnsdóttir opnaði málverkasýningu í Norræna húsinu 19. þessa mánaðar, en hún hefur þrívegis áður haldið einkasýningar í Reykjavík.

Sá sem þessar línur ritar hefur þó ekki fyrr komið á sýningu á verkum hennar, en myndir hefur hún átt á ýmsum samsýningum.

Sigríður Björnsdóttir málar yfirleitt ljóðrænar abstraktmyndir og hún gefur þeim engin nöfn. Í yfirlýsingu eða ljóði, sem birt er í sýningarskrá stendur þetta:

„Barn er gætt frjórri forvitni hugmyndaflugi og sköpunargleði.
Hversu mikið af þessum upprunalegu verðmætum mannsins tekst okkur að varðveita og rækta?

Listin er svið fyrir óheft hugmyndaflug, sem samfélagið leitast við að bæla og beina í þrönga farvegi.

Ég gef myndum mínum engin nöfn. Að gefa þeim nöfn væri að þröngva minni eigin reynslu og sýn upp á áhorfandann. Heldur vildi ég, að þær gætu verið hvati fyrir frjálst hugmyndaflug annarra."

Margar af myndum Sigríðar Björnsdóttur eru skínandi vel gerðar, en í þær skortir þó ákveðin, persónuleg einkenni höfundar.

Yfir sýningunni er léttleiki og gleði.

Sýning Sigríðar Björnsdóttur verður opin til 28. þessa mánaðar.

Jónas Guðmundsson



Frá vinstri: Jón Proctor/ Kristján E. Jónasson, Abigael Williams/ Sigrún Sigurbjörnsdóttir, Betty Parris/ Anna Ásmundsdóttir, séra Samúel Parris/ Ingimundur Jónsson

Leikfélag Húsavíkur

Í deiglunni

Leikfélag Húsavíkur
í deiglunni, höfundur: Arthur Miller
Leikstjóri: Haukur J. Gunnarsson
Leikmynd: Sveinbjörn Magnússon Haukur J. Gunnarsson

Leikfélag Húsavíkur frumsýndi þriðjudagskvöldið 15. þ.m. sjónleikinn í deiglunni, eftir Arthur Miller. Frumsýningargestir fylltu húsið og þökkuðu leikurum og leikstjóra í leikslok með áköfu lófataki fyrir góða og áhrifamikla sýningu. Ekkert skorti á að fram kæmi, svo sem Arthur Miller ætlast til, að mikill er máttur þess illa á okkar jörð, enn fremur og eigi síður boðskapur leikritsins um mannlega fegurð. Gamla konan, Rebekka Nurse, og ungi bóndinn, Jón Proctor, fórna lífi sínu vegna sannleikans og til styrktar þeim, sem eftir lifa. Ef til vill ris glæsileiki og mannleg fegurð hæst hjá konu Jóns, Elísabetu Proctor. Hún ann mjög manni sínum og vill samt ekki, að hann bjargi lífi sínu með því að bregðast sannleikanum.

Leikritið er byggt á sannsögulegum atburðum, er gerðust í Salem í Massachusetts-fylki í Bandaríkjum Norður-Ameríku árið 1692. Þar bjuggu púritanar, strangtrúað fólk, sem flúið hafði frá Englandi vegna trúarofsókna tæpum fjórum áratugum áður en þeir atburðir gerðust, sem leikritið fjallar um. Yfirvöld og prestar héldu að fólkinu galdratrú og þeir sem ásakaðir voru um ástundun galdrakonstar voru hengdir. Þeir, sem ásakaðir voru áttu sér þó eina leið til að bjarga lífi sínu, þá leið að viðurkenna sök sína um samneyti við hann í neðra og ásaka aðra samborgara um galdra. Ekki voru gerðar miklar kröfur um sannanir, ákæran nægði. Því var tilvalið, ef manni þótti að náungi manns væri til óþæginda með einhverjum hætti að ákæra hann fyrir galdra. Sá ákærði varð að sanna sakleysi sitt og það gat hann ekki, því að sökin var ósýnileg. Stúlkan, Abigael Williams, girntist bóndann, Jón Proctor, hún greip tækifærið þegar það bauðst og ákærði konu hans.

Ýmsum kann að finnast, að efni leikritsins eigi ekki erindi til íslenzkra lesenda árið 1977, en þegar Miller skrifaði það árið 1952, mun hann hafa haft í huga atburði, sem þá voru að gerast í Bandaríkjunum. Þeir atburðir hafa löngum verið kenndir við bandaríska þingmanninn McCarthy, sem sá óvini Bandaríkjanna í hverju horni. Hann ofsótti fjölda manns, þeirra á meðal ýmsa þekkta menntamenn og rithöfunda, og mun Arthur Miller sjálfur hafa orðið fyrir barðinu á þessum ofsóknum. Þessir atburðir eiga sér hliðstæður á öllum tímum og alls staðar í veröldinni. Á Íslandi lenda menn í fangelsi vegna ákæru án saka og stórkostlega rógsherferð er gerð að mönnum í fjölmiðlum í þeim tilgangi einum að myrða mannorð þeirra. Abigael Williams gengur laus meðal okkar Íslendinga, þess vegna kemur hún okkur við.

Heildarsvipur leiksins hjá Leikfélagi Húsavíkur er sterkur og áhrifamikill. Hin veigameiri hlutverk í leiknum eru þannig skipuð: Séra Samuel Parris/Ingimundur Jónsson, Abigael Williams, ung frænka hans/Sigrún Sigurbjörnsdóttir, Jón Proctor, bóndi/Kristján E. Jónasson, Elísabet Proctor kona hans/Kristjana Helgadóttir, María Warren/Guðrún K. Jónsdóttir, Francis Nurse, aldraður bóndi/Bjarni Sigurjónsson, Rebekka Nurse, kona hans/Herdís Birgisdóttir, séra Jón Hale/Einar Njálsson, Danforth, varalandstjóri/ Sigurður Hallmarsson.

Hinir reyndu leikarar leikfélagsins, Sigurður Hallmarsson, Einar Njálsson, Herdís Birgisdóttir, Bjarni Sigurjónsson, Kristjana Helgadóttir og Ingimundur Jónsson gera allir hlutverkum sínum góð skil svo sem af þeim mátti vænta. Kristján E. Jónasson hefur oft áður verið á fjölunum en í hlutverki Jóns Proctors vinnur hann mikinn leiksigur. Ungu stúlkurnar, Guðrún K. Jóhannsdóttir og Sigrún Sigurbjörnsdóttir sýna mjög góðan leik í erfiðum hlutverkum sínum.

Þau, sem fara að horfa á sjónleikinn, Í deiglunni, hjá Leikfélagi Húsavíkur verða óhjákvæmilega fyrir miklum áhrifum og fá efni til íhugunar.

Þorm. J.



Frá vinstri: Jón Proctor/ Kristján E. Jónasson, Herrick, fógeti/ Þorsteinn Jónsson, Rebekka / Ingimundur Jónsson, Danforth varalandstjóri/ Sigurður Hallmarsson Nurse/ Herdís Birgisdóttir, Hathorne, dómari/ Ingimar S. Hjálmarsson, séra Samúel Parris